

STÆRÐ MINKASTOFNSINS Í SKAGAFIRÐI 2000



**RÓBERT A. STEFÁNSSON^{1,2}, ÁKI Á. JÓNSSON¹
OG PÁLL HERSTEINSSON³**

1. VEIÐISTJÓRAEMBÆTTIÐ, 2. NÁTTÚRUSTOFA VESTURLANDS, 3. LÍFFRÆÐI-
STOFNUN HÁSKÓLANS

Athugun á hagkvæmni þeirrar aðferðar að meta fjölda minka á stóru svæði út frá merkingum og endurheimtum

Minkaveiðar undanfarna áratugi hafa ekki skilað þeim árangri sem vonast var eftir. Þær hafa vissulega haft ákveðið verndargildi við mikilvæg fuglavörp en engin merki eru um að veiðarnar hafi haft áhrif á heildarstærð minkastofnsins á Íslandi.

Með því að þekkja raunverulega stærð minkastofnsins og þar með veiðiálagið á hverju svæði, mætti í fyrsta skipti taka ákvarðanir í sambandi við stjórnun minkaveiða, sem líklegar væru til að skila árangri í samræmi við það fjármagn sem veitt er til veiðanna. Með þetta að leiðarljósi hófu Veiðistjóraembættið og Háskóli Íslands rannsóknir á villtum minkum í Skagafirði. Tilgangur þeirra

var að kanna hvort hagkvæmt gæti reynst að meta fjölda minka á stóru svæði með veiðum, merkingum og endurheimtum. Um leið fengjust upplýsingar um veiðiálagið á stofninum, ferðir minkanna frá merkingarstað þangað sem þeir veiðast og jafnvel aldursháða dánartíðni. Allt eru þetta mikilvægar upplýsingar þegar kemur að stjórnun veiða.

Þáverandi starfsmaður Veiðistjóraembættisins, Róbert A. Stefánsson, veiddi minka í Skagafirði í lífgildrum sum-
ar og haust árið 2000. Þeir voru merktir með örmerki undir húð til að greina mætti einstaklinga og með frostmerki á læri afturfótar, til að veiðimenn gætu séð að um merkt dýr væri að ræða.

Reynslan af þessari aðferð hingað til er í samræmi við þær væntingar sem gerðar voru. Að jafnaði var veitt með 36 gildrum í einu, samtals í 23 sólarhringa. Þetta var gert í þremur lotum frá júlí og fram í byrjun október. Á þessum tíma veiddust 28 minkar og 7 kettir. Kynjahlutfall meðal minkanna var jafnt. Flestir þeirra, alls 22, voru á 1. aldursári en hinir eldri. Skipting veiðinnar eftir veiðilotum var sem hér segir:

Greinilegt er að veiðar í júlí skila fremur litlum árangri en veiðin (veiði miðað við veiðiátak) í ágúst og september var góð. Verði framhald á þessum rannsóknum verður veiðilaginu beint á mánuðina ágúst-nóvember. Æskilegt væri að auka mjög veiðiátakið til að merkja fleiri minka og fá þar með nákvæmara stofnstærðarmat. Ekki er vitað hversu marga þarf að merkja en gera má ráð fyrir að 100-150 merktir minkar

1. veiðilota, 14.-19. júlí.

Ómerktir minkar	2
Minkar alls	3
Fjöldi ómerktra minka á hverjum 100 gildrunóttum*	0,8

2. veiðilota, 22. ágúst-1.september.

Ómerktir minkar	17
Minkar alls	25
Fjöldi ómerktra minka á hverjum 100 gildrunóttum*	4,6

3. veiðilota, 27. september-2. október.

Ómerktir minkar	9
Minkar alls	16
Fjöldi ómerktra minka á hverjum 100 gildrunóttum*	4,6

*Fjöldi gildrunátta = Fjöldi gildra í notkun hvern dag x fjöldi daga

gæfu ásættanlega nákvæmar niðurstöður. Veiðarnar síðastliðið sumar og haust hafa sýnt fram á að það takmark ætti að nást. Ef veitt væri með 60 gildrum í 70 sólarhringa með sömu veiðni og í ágúst og september (4,6%), ættu að veiðast $60 \times 70 \times 4,6\% = 193$ minkar.

Endurheimtur verða með hefðbundnum minkaveiðum og verður ekkert gert til að hafa áhrif á þær. Þegar þetta er ritað (feb. 2001) hafa engar endurheimtur orðið, sem kemur ekki á óvart þar sem lítið er veitt að hausti og fyrri hluta vetrar en búast má við endurheimtum vor og sumar 2001.

Þessi rannsókn, sem kalla mætti forathugun, hefur leitt í ljós að svo virðist sem meta megi stærð minkastofns með merkingum og endurheimtum. Þar sem minkaveiðar virðast árangurslitlar er orðið brýnt að reyna nýjar leiðir. Hins vegar er nauðsynlegt að vita meira áður en hafist er handa við þær og eitt mikilvægasta skrefið í þá átt er að meta stærð minkastofnsins, sem gæfi mikilvægan grunn fyrir ákvarðanatökur í framtíðinni.

Landeigendur og veiðimenn á svæðinu fá kærar þakkir fyrir gott samstarf.

Rannsóknin var kostuð af Veiðistjóraembættinu.